

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar,
b.t. Ólafs Melsted skipulagsfulltrúa,
Þverholti 2,

270 Mosfellsbæ.

Mosfellsbæ, 16. nóvember 2017.

Efni: Ósk um framkvæmdaleyfi vegna lagningu vegar í landi Miðdals II, Mosfellsbæ.

Undirrituð, Margrét Guðjónsdóttir, 301056-7619, Hagalandi 1, Mosfellsbæ, eigandi landsspildu, landsnúmer 125175 í landi Miðdals II, Mosfellsbæ, fer þess hér með á leit við yður að skipulagsnefnd Mosfellsbæjar veiti framkvæmdaleyfi til lagningu vegar að landsspildu minni, landsnúmeri 125175, við Silungatjörn, í landi Miðdals II., Mosfellsbæ, sbr. hjálagðan uppdrátt að vegi á teikningu og uppmælingu landsins frá Ráðgjöf ehf., verkfræðipjónustu, dags. 28.02.2011 og áritaður af Byggingafulltrúa Mosfellsbæjar þann 23.03.2011.

Jafnframt fylgir yfirlýsing landeiganda Miðdals II, Mosfellsbæ um samþykki umbeðins vegar.

Virðingarfyllst,



Margrét Guðjónsdóttir.

Hjálagt: Uppmæling lands nr. 125175 með uppdrætti að vegi.
Yfirlýsing landeiganda Miðdals II.

Margrét Guðjónsdóttir

Hagaland 1
270 Mosfellsbær

Mosfellsbæ, 11.12.2017
erindi nr. 201711202/20.3 ÓM

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 450. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 08. 12. 2017, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Miðdalur II - ósk um lagningu vegar


Borist hefur erindi frá Margréti Guðjónsdóttur dags. 16. nóvember 2017 varðandi framkvæmdaleyfi vegna lagningu vegar í landi Miðdals II. Frestað á 449. fundi.

Skipulagsnefnd bendir umsækjanda á að óska eftir heimild skipulagsnefndar um að deiliskipuleggja svæðið. Framkvæmdaleyfisumsóknin verður tekin til afgreiðslu þegar deiliskipulag liggur fyrir enda er deiliskipulag forsenda þess að hægt sé að gefa út framkvæmdaleyfi.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar


Skipulagsfulltrúi
Mosfellsbæjar

Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.




Yfirlýsing

Undirritaður, Björn Þorgeir Másson, kt. 150344-2479, Andrésarbrunni 4, 113 Reykjavík, staðfesti hér með, fyrir hönd landeigenda Miðdals II, Mosfellsbæ, samþykki lagningu vegar í landi Miðdals II, Mosfellsbæ, að sumarbústaðarlandi við Silungatjörn í landi Miðdals II, Mosfellsbæ, fastanr. 125175, sbr. teikningu og uppmælinu landsins, frá Ráðgjöf ehf., verkfræðipjónustu, dags. 28.02.2011. Teikning þessi var lögð fyrir Byggingafulltrúa Mosfellsbæjar og stimpluð þann 23.03.2011. Landið er í eigu Margrétar Guðjónsdóttur, kt. 301056-7619, Hagalandi 1, 270 Mosfellsbæ.


Mér er kunnugt um að aðkomuvegur sem teiknaður er á uppmælinu Ráðgjafar ehf., dags. 28.02.2011, sem ég hef jafnframt ritað nafn mitt á til staðfestingar, mun mögulega ekki geta legið í eins beinni línu og teiknaður er vegna aðstæðna á landinu. Því samþykki ég að vegur verði lagður á eins hagkvæman hátt og mögulegt er, þó hann þurfi að ganga nokkrum metrum innar á land Miðdals II, á leið þessari. Landeigandi mun gæta þess að hafa veginn eins nálægt lóðamörkum sem kostur er.

Ofangreint staðfesti ég hér með.

Reykjavík, 26. október 2017


Björn Þorgeir Másson
kt. 150344-2479

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði.



nafn

kt.

Pétur Pétursson

Kt. 090558-6689

090558-6689
Veg- og fasteignasali

nafn

kt.